

Sagnaskortur í BÍN:

Samanburður við orðaforða í Risamálamálheild (2022)

Kristín Bjarnadóttir

Orðaforðinn í *Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls* (BÍN) er að stofni til úr fórum orðabókarmanna. Í upphafi voru helstu heimildir úr gagnasöfnum Orðabókar Háskólans og úr tölvuútgáfunni af *Íslenskri orðabók* (Mörður Árnason ritstj. 2000). Nú um stundir er orðtaka helst úr *Risamálheildinni* (2022) en þar er aðgangur að orðaforða úr risavöxnu safni af tölvutækum textum. Vitað er að í Risamálheildinni er gríðarlegur fjöldi uppflettiorða umfram það sem er að finna í gagnasöfnum orðabókarmanna. Hér verður sagt frá tilraun til þess að bera saman orðaforða sagna í BÍN og Risamálheildinni.

Í BÍN voru u.þ.b. 9.000 sagnir í september 2023. Í samanburðinum sem hér er sagt frá eru 10% af sögnunum úr BÍN, alls 901 sögn (*a-dóneita*), og grófhreinsaður lemmulisti úr sama hluta af stafrófinu úr Risamálheildinni, 22.535 línur. Fyrir fram er vitað að villuhlutfall í Risamálheildinni er mjög hátt og viðfangsefnið er að finna raunverulegar sagnir í stafkaflanum og skoða hverjar þeirra hafa ekki ratað inn í lista orðabókarmanna (og þar með í BÍN) og hvers eðlis það efni er. Eru þar nýjar sagnir á ferðinni, eru þetta einfaldlega gloppur sem stafa af þeim skorðum sem orðabókarmenn hafa til skamms tíma búið við, bæði m.t.t. gagna og birtingar á niðurstöðum, eða hafa orðabókarmenn markvisst gengið fram hjá tilteknum gerðum af sögnum?

Afraksturinn er 1.132 sagnir úr stafkaflanum *a-dóneita*. Leitað var að dæmum um orðin í Risamálheildinni og öðrum heimildum eftir þörfum og þau voru lauslega borin saman við önnur gagnasöfn á Árnastofnun. Orðunum var síðan bætt í BÍN, með því flokkunarkerfi og einkunnagjöf sem þar eru notuð (sjá [BÍN-síðuna](#), sérstaklega kafla 18 um orðmyndun).

Stærstu flokkar nýju sagnanna í BÍN eru þessir:

- 1.Sagnir með nafnorðsfyrrihluta (406): *aðstöðutengja, aðventustússast, álagsprófa, bumbuboltavæða, deilihagkerfisvæða; álhúða, beikonvefja, botnhreinsa, bragðprófa, dagstimpla, dilkdraga, dómfesta ...*
- 2.Forskeyttar sagnir (374): *afbaviana, afbílást, afbjaga, afblómgast, afdulkóða, afkeðja, aflesta; bakreikna, bandbrjálást, bráðdauðvanta, bráðlanga, bullsvíða, dauðsakna ...*
- 3.Sagnir myndaðar af nafnorði (118): *ajaxa, ankerá, apaheilast, augnskugga, baggalúta, ballesta, barkóða, dómarast, dómínókubbast ...*
- 4.Samsettar sagnir af agnarsögnum (38): *aðhlynnna, aðsoga, afstífa, afturreikna, brottvísa, burtmá ...*

Af dæmunum sést að margar sagnanna eru úr mjög óformlegu máli. Þá þarfnast margar sagnirnar ekki skýringa, t.d. sagnir með forskeytinu *af-* og samsettar sagnir sem myndaðar eru af agnarsögnum. Hvorugt hefur til skamms tíma verið meginviðfangsefni orðabókarmanna. Fjölgun samsettra sagna með nafnorð að fyrri lið bendir hins vegar til þess að þar sé raunveruleg nýsköpun á ferð. Við svona sögnum er stundum amast, sbr. umræðu um „leggja hald á e-ð“ og „haldleggja e-ð“ sem margir þekkja. Sögnin

haldleggja finnst reyndar hvergi á málið.is nema í BÍN og í *Íslenskri nútímamálsorðabók* og samstofna tvímálaorðabókum.

Meginástæðan fyrir því að allar þessar sagnir hafa ekki ratað til orðabókarmanna er einfaldlega sú að þeir höfðu ekki aðgang að efni sem jafnast á við Risamálheildina. Gallinn er hins vegar sá að vinnan við að skoða orðaforðann þar er ótæpileg. Með sambærilegum viðbótum í öllu stafrófinu yrðu sagnir í BÍN yfir 20 þúsund.